



## 2.7 Grálúða *Reinhardtius hippoglossoides*



**Grálúða.** Veiðisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm<sup>2</sup>).


**Greenland halibut.** Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi<sup>2</sup>).

### 2.7.1 Stofngerð

Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera af sama stofni og hefur stofnmat og ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla tekið mið af því.

### 2.7.2 Afli og sókn

Heildarafli grálúðu á svæðinu við Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar var rúm 21 þús. tonn árið 2014 (mynd 2.7.1 og tafla 3.7.1), þar af tæp 10 þús. tonn á Íslandsmiðum. Hlutdeild afla á Íslandsmiðum var um og yfir 90% á árunum 1982–1992, en minnkaði ört eftir það og hefur hin síðari ár verið rétt um helmingur heildarafans. Aflamark íslenskra skipa á fiskveiðiárinu 2013/2014 var 12 480 tonn og landaður afli var tæp 12 þús. tonn (tafla 2.7.1).



Mynd 2.7.1. **Grálúða.** Landaður afli við Ísland, Austur-Grænland og Færeyjar og afli á sóknareiningu hjá íslenska togaraflotanum.

Figure 2.7.1. **Greenland halibut.** Landings from Iceland, East Greenland, and Faroese waters and CPUE of the Icelandic trawler fleet.

Afli íslenska togaraflotans á sóknareiningu hefur að miklu leyti verið notaður sem grunnur ráðgjafar hjá ICES á undanförunum árum. Á rýnifundi ICES um grálúðu árið 2013 var bent á verulega annmarka þessara gagna sem grunn við að meta breytingar á stofnstærð grálúðu. Það helgast af þeim miklu breytingum sem orðið hafa á veiðunum við Ísland síðan 1986, svo sem tæknibreytingum, breytingum á útbreiðslu veiða sem og stjórnun þeirra. Þrátt fyrir það byggir ICES ráðgjöf sína á þessum gögnum að stærstum hluta, en stefnt er að því að á næstunni muni ráðgjöfin byggja á stofnmælingum við Ísland og Grænland.


Afli íslenska togaraflotans á sóknareiningu var nokkuð jafn árin 1986–1989 en minnkaði síðan ár frá ári og var í lágmarki árin 1995–1997 (mynd 2.7.1). Afli á sóknareiningu á þessum þremur árum var einungis tæp 30% af meðaltali árunum 1986–1989. Afli á sóknareiningu

hefur verið að aukast á undanförunum árum en er þó einungis um 40% af því sem hann var á árunum 1986–1989.

Samkvæmt afladagbókum erlendra skipa sem veiða við Austur-Grænland hefur affli á sóknareiningu verið nokkuð stöðugur frá árinu 2005.

### 2.7.3 Ástand stofnsins

Á áður nefndum fundi ICES um grálúðu var kynnt vísitala sem byggð er á stofnmælingu að hausti á Íslandsmiðum (SMH) og stofnmælingu á grálúðu við Grænland. Vísitala veiðistofns úr þessum sameinuðu stofnmælingum hækkaði nokkuð á tímabilinu 1996–2001 en lækkaði síðan hratt og var í lágmarki árin 2004–2007 (mynd 2.7.2). Vísitalan hækkaði til 2013 en lækkaði 2014 um 12%. Hlutfall vísitölunnar frá Grænlandi hefur lækkað úr um 40% árið 2005 í um 14% árið 2014.



Mynd 2.7.2. **Grálúða.** Vísitala veiðistofns (þyngd, fiskar stærri en 40 cm) úr stofnmælingu í október og stofnmælingu grálúðu við Austur-Grænland.

Figure 2.7.2. **Greenland halibut.** Fishable biomass index (>40 cm) from the Icelandic autumn survey and Greenlandic survey.

ICES byggir stofnmat sitt á afraksturslíkani byggt á heildarafla, ofangreindri stofnvísitölu og afla á sóknareiningu íslenska togaraflorens. Niðurstöðurnar benda til þess að veiðidauði 2014 hafi verið nálægt hámarksafrakstri ( $F_{MSY}$ ) en að stofninn sé enn nálægt sögulegu lágmarki, en þó fyrir ofan skilgreind varúðarmörk.

### 2.7.4 Ráðgjöf

Tafla 2.7.1 sýnir ráðgjöf, ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um aflamark og grálúðaafra frá árinu 1984. Á síðasta ári lagði ICES til að hámarksafli grálúðu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar væri ekki meiri en 25 þús. tonn, byggt á niðurstöðum afraksturslíkans. Íslensk stjórnvöld gáfu út 14 100 tonna aflamark innan íslenskrar lögsögu fyrir yfirstandandi fiskveiðiár og Grænlandingar 9 400 tonn fyrir árið 2015. Veiðum við Færeyjar er stýrt með sóknardögum.

Í maí 2014 skrifuðu Íslendingar og Grænlandingar undir sameiginlega nýtingarstefnu fyrir grálúðu til næstu fimm ára. Í nýtingarstefnunni felst að þjóðirnar muni nýta stofninn í samræmi við alþjóðleg varúðarsjónarmið og með því veiðiálagi sem ICES metur að muni leiða til hámarksafraksturs til lengri tíma litið. Samkomulag er á milli þjóðanna um að í hlut Íslendinga komi 56,4% af ráðlögðu aflamarki og 37,6% í hlut Grænlandinga. Ekki náðist samkomulag við Færeyinga sem eru því óbundnir af samkomulaginu. Affli grálúðu við Færeyjar var rúm 2 600 tonn árið 2013 og tæp 3 000 tonn árið 2014.

ICES og Hafrannsóknastofnun leggja til að hámarksafli grálúðu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 verði 22 þús. tonn og miðast við þá sókn sem gefur hámarksafrakstur til lengri tíma litið, samkvæmt útreikningum afraksturslíkans.

Ár	Tillaga	Aflamark fyrir Ísland	Afli á Íslands- miðum	Afli á öðrum miðum <sup>1)</sup>	Afli alls
Year	Rec. TAC	National TAC in Icelandic waters	Landings from Icelandic waters	Landings from other areas <sup>1)</sup>	Total landings
1984	25	30	30.2	3.9	34.1
1985	25	30	29.2	2.9	32.2
1986	25	30	31.3	2.0	33.1
1987	25	30	44.9	1.9	46.8
1988	30	30	49.6	1.7	51.3
1989	30	30	59.4	2.1	61.1
1990	30	30	37.4	2.0	39.4
1991 <sup>2)</sup>	27	33	31.2	2.5	33.7
1991/92	25	25	30.3	3.5	33.8
1992/93	30	30	34.5	6.7	41.3
1993/94	25	30	29.5	8.4	37.6
1994/95	30 <sup>3)</sup>	30	26.4	8.9	35.3
1995/96	20 <sup>3)</sup>	20	22.3	13.8	36.1
1996/97	15 <sup>3)</sup>	15	17.7	13.3	31.0
1997/98	10 <sup>3)</sup>	10	11.0	9.8	20.8
1998/99	10 <sup>3)</sup>	10	11.2	9.3	20.5
1999/00	10 <sup>3)</sup>	10	11.5	12.0	23.5
2000/01	20 <sup>3)</sup>	20	20.0	11.3	31.3
2001/02	20 <sup>3)</sup>	20	19.2	9.9	29.1
2002/03	23 <sup>3)</sup>	23	20.3	10.2	30.5
2003/04	20 <sup>3)</sup>	23	15.8	11.3	27.1
2004/05	15 <sup>3)</sup>	15	13.0	11.0	24.0
2005/06	15 <sup>3)</sup>	15	12.7	9.5	22.2
2006/07	15 <sup>3)</sup>	15	9.6	11.3	20.9
2007/08	15 <sup>3)</sup>	15	9.7	11.1	20.8
2008/09	5 <sup>3)</sup>	15	15.6	11.6	27.2
2009/10	5 <sup>3)</sup>	12	14.1	11.6	25.7
2010/11	5 <sup>3)</sup>	13	12.2	13.1	25.3
2011/12	12 <sup>3)</sup>	13	13.2	15.6	28.8
2012/13	20 <sup>3)</sup>	14.7	14.1	12.0	26.9
2013/14	20 <sup>3)</sup>	12.5	11.9	11.2	21.1
2014/15	25 <sup>3)</sup>	14.1			
2015/16	22 <sup>3)</sup>				

<sup>1)</sup> Almanaksár. *Calendar year.*

<sup>2)</sup> Tímabilið janúar–ágúst 1991. *January–August 1991.*

<sup>3)</sup> Tillögur um aflamark fyrir A-Grænland/Ísland/Færeyjar.  
*TAC recommendation applied to East Greenland/Iceland/  
Faroes.*

Tafla 2.7.1. **Grálúða.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og affi (þús. tonna).

*Table 2.7.1. Greenland halibut. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (thous. tonnes).*